



Sólarhringsdreifing umferðar – Lokaskýrsla. Berglind Hallgrímsdóttir, Margrét Aðalsteinsdóttir, Tinna Húnbjörg og Guðrún Birta Hafsteinsdóttir, Efla hf. – september 2020.

Ágrip skýrsluhöfunda:

Markmið þessa verkefnis var að varpa ljósi á dreifingu og samsetningu umferðar yfir sólarhringinn á mismunandi gerðum gatna og vega í þéttbýli. Upplýsingarnar nýtast til að geta metið hávaðavísana L_{den} og L_{night} .

Skoðaðar voru talningar framkvæmdar í götum af mismunandi gerð á höfuðborgar-svæðinu. Ákveðið var að skoða meðaltal sólarhringsdreifingar fyrir götur af sömu gerð. Sama gildir um meðaltal þunga bifreiða.

Niðurstöðurnar sýndu að í íslenskum götum er önnur dreifing en þekkist frá Danmörku og Noregi. Sem dæmi er umferðin á kvöldin þónokkuð meiri á Íslandi en nágrannalöndum okkar, sér í lagi fyrir stofnbrautir og húsagötur. Næturumferð virðist þó vera hlutfallega hærri í Danmörku en á Íslandi og í Noregi.

Niðurstöðurnar sýna einnig að stærsta klukkustund virðist alla jafna vera um 10% af sólarhringsumferðinni, í sniði (báðar áttir) þetta gildir hins vegar ekki ef horft er eftir áttum. Svipaðar niðurstöður má sjá úr dönskum viðmiðum en sem dæmi miða þeir við að 30. stærsta klukkustund í húsagötu sé um 12,3% af sólarhringsumferðinni í sniði en 13,9% ef horft er eftir áttum. Með tilliti til þess má velja fyrir sér hvort æskilegra sé að miða við að notast við stærstu klukkustund eftir áttum við afkastaútreikninga, frekar en í sniði.